

## **19. fundur Fræðslunefndar Langanesbyggðar haldinn í Menntasetrinu á Þórshöfn mánudaginn 13. júní 2016 og hófst kl. 16:00.**

### **Mætt eru:**

Dagrún Þórisdóttir, Kristinn Lárusson, Svala Sævarsdóttir, Hulda Kristín Baldursdóttir, Sólveig Sveinbjörnsdóttir, Magdalena Zawodna, María Guðmundsdóttir, Ingveldur Eiríksdóttir, Elías Pétursson og Hildur Stefánsdóttir sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort gerð væri athugasemd við fundarboð. Svo var ekki.

### **Dagskrá:**

#### **1. Skýrsla Grunnskólans á Þórshöfn**

Skóladagatal 2016-2017 liggur fyrir með fyrirvara um mögulegar hliðranir vegna framkvæmda í skólanum. Skólasetning 24.ágúst og skólaslit 30.maí 2017. Borið upp til samþykktar. Samþykkt samhljóða.

Skólapúlsinn. Ráðuneytið er að ljúka eftirfylgniúttekt vegna ytra mats skólans og þar koma fram allar niðurstöður skólapúlsins. Sú skýrsla mun koma til fræðslunefndar. Ákveðið að skipa í sjálfsmatsteymi næsta vetur sem myndi hafa fulltrúa frá; kennurum af öllum stigum, stuðningsfulltrúum og nemendum ásamt skólastjóra.

Starfsmannamál. Búið að auglýsa töluvert en hefur litlu skilað. Einnig hefur Ingveldur haft samband við nokkra í heimahéraðinu til að reyna að fylla í stöður. Nokkrir í viðræðum við Ingveldi en ekki frágengið. Umsóknarfrestur til 20.júní.

Ekki þarf að auglýsa eftir stuðningsfulltrúum, búið að manna.

Skipurit grunnskólans er í endurskoðun og stefnt á að hafa ritarastöðu ca 30% en ráða ekki í aðstoðarskólastjórastöðunæsta vetur. Vilborg myndi sinna kerfisumsjón áfram. Hugmynd að keyra á meiri teymisvinnu þar sem kennarar myndu stýra hópum og dreifa þannig ábyrgð og vinnu vegna undirbúnings funda o.s.frv.

Byrjað er að móta stundaskrár og verið að reyna að leysa þannig að ekki þurfi tvöfaldan skólaakstur.

#### **2. Skýrsla Grunnskólans á Bakkafirði**

Skóladagatal 2016-2017 lagt fram með breytingum í samræmi við umræður við fyrstu kynningu. Borið upp til samþykktar. Samþykkt samhljóða

Skólapúlsinn. Niðurstöður úr nemendakönnun kynntar og skora nemendur einstaklega hátt í mörgum jákvæðum og veigamiklum þáttum s.s. þrautsegu í námi, áhuga á stærðfræði, trú á eigin getu, stjórn á eigin lífi, þátttöku nemenda í tímum og sambandi við kennara. Mjög góðar niðurstöður í heildina.

Starfsmannamál. Bylgja að fara í fæðingarorlof og á eftir að auglýsa en er í ferli.

### 3. Skýrsla leikskólans Barnabóls

Skóladagatal 2016-2017. lagt fram og miðar við að opna 15.ágúst eftir sumarfrí. Nokkrar þemavikur í kringum hátíðir og uppákomur. Borið upp til samþykktar. Samþykkt samhljóða.

Próunarverkefni. Eru að byrja í innleiðingu sem Leikur að læra-skóli og fara flestir starfsdagarnir í vinnu tengda því. Sóttu um styrk í Lýðheilsusjóð til að sækja vinnustofu/workshop til Reykjavíkur 5.nóvember. Eiga eftir að fá svar.

Grænfánaverkefnið er í fullum gangi og rætt um samræmt þema til að vinna í öllum skólum sveitarfélagsins.

Skólapúlsinn. Skólastjóri fór yfir helstu niðurstöður úr foreldrakönnun. Almennt er ánægja foreldra meiri en í fyrra en þó mjög mikil óánægja með húsnæðið og aðstöðu. Starfsmenn fá mikið hrós og foreldrar almennt ánægðir og metnaðarfullir fyrir skólstarfinu. Gott tæki til sjá hvar þarf að setja auka áherslur eða bæta.

Skólastjóri fór yfir að eftirliti með húsnæði væri mjög ábótavant og mikilvægt að fræðslunefnd geri sér grein fyrir að húsnæðið uppfyllir ekki þær öryggiskröfur sem gerðar eru til leikskólahúsnæðis.

Starfsmannamál. Verður vel mannað næsta vetur þar sem börnum hefur fækkað, verða líklega 25 börn næsta vetur.

### 4. Starfsáætlanir fræðslunefndar fyrir næsta skólaár

Starfsáætlanir lagðar fram til kynningar og afgreiðslu frestað til næsta fundar.

### 5. Önnur mál

#### a. Framhaldsdeildin á Þórshöfn

Umsjónaraðili framhaldsdeildar greindi frá slæmu útliti með deildina næsta haust þar sem ekki sé nema einn nemandi skráður.

#### b. Skilti á kennslustofur.

Fráfarandi skólastjóri Grunnskólans á Þórshöfn, Ingveldur Eiríksdóttir greindi frá að hún hafi látið skera út úr birki skilti á allar kennslustofur grunnskólans og færir skólanum þær að gjöf. Eru henni færðar miklar þakkir fyrir slíka rausnargjöf.

Ingveldi er þakkað vel fyrir vinnuframleg sitt sem skólastjóri síðustu fjögur ár og óskað velfarnaðar í nýju starfi.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl 19:00.